

ÍSLANDBANKI HF.


UFS EINKUNN **84 / B1**

A1-A3	B1-B3	C1-C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	84	B1
Umhverfisþættir	10.5%	96	A2
E.1 Visthagkvæmni	4.5%	94	A2
E.2 Umhverfisstjórnun	6%	97	A1
Félagsþættir	24.5%	87	A3
S.1 Vinnuumhverfi	7%	100	A1
S.2 Velferð starfsfólks og viðskiptaánægja	17.5%	82	B1
Stjórnarþættir	65%	81	B1
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	75	B2
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	23.5%	80	B1
G.3 Vörur og þjónusta	31.5%	83	B1

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

UFS einkunn Íslandsbanka var uppfærð í september 2023 í kjölfar sáttar sem bankinn gerði við Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands vegna sölu á eignarhluta ríkisins í bankanum og hafa niðurstöður sáttarinnar neikvæð áhrif á einkunn bankans í ákveðnum flokkum. Heildareinkunn bankans lækkar en Íslandsbanki fær áfram góða einkunn í UFS mati Reitunar, 84 stig af 100, flokkur B1. Bankinn leggur ríka áherslu á sjálfbærni í starfsemi sinni og vinnur eftir viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB). Skipurit bankans styður vel við sjálfbærni og jákvætt er að málaflökurinn nær til stjórnar og efsta stjórnendalags. Breytingar hafa orðið á stjórn og stjórnendum bankans í kjölfar sáttarinnar og vinnur ný stjórn, stjórnendur og starfsfólk að úrbótavinnu sem stefnt er að klárast þann 1. október 2023. Bankinn hefur náð góðum árangri í að draga úr umhverfisáhrifum frá eigin rekstri en helstu tækifæri banka liggja í því að draga úr losun frá lána- og eignasafni. Íslandsbanki stendur þar vel að og hefur gert áhrifagreiningu af vörum og þjónustu til að móta vöru- og þjónustuframboð í samræmi við sjálfbærniáherslur bankans. Bankinn hefur tekið framsækin skref í sjálfbærnimálum en þar má helst nefna að bankinn er einn af stofnaðilum alþjóðlegs samstarfs banka, Net-Zero Banking Alliance (NZBA) og vinnur eftir eigin markmiði um að ná kolefnishlutleysi að fullu fyrir árið 2040. Einnig hefur bankinn skuldbundið sig að setja markmið í loftslagsmálum byggð á vísindalegum grunni (SBTi). Bankinn hefur birt útreikninga á fjármögnuðum útblæstri með aðferðafræði PCAF og sett sér markmið um samdrátt í kolefnisspori helstu atvinnugreina. Til að ná settum markmiðum og stuðla að gagnsæi í upplýsingagjöf hefur Íslandsbanki gefið út fyrstu kolefnishlutleysisskýrsluna þar sem greint er frá þeirri vegferð sem bankinn hyggst leggja í. Þar að auki hefur Íslandsbanki kolefnisjafnað eigin rekstur að fullu með alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum ásamt því að styðja innlend verkefni með kaupum á kolefniseiningum í bið, en stuðningur við þess háttar innlend verkefni er mikilvægur. Bankinn vinnur áfram að markmiði sínu um að UFS áhættumeta fyrirtæki í lánasafni og að auka við hlutfall sjálfbærra fyrirtækjalána. Bankinn hefur fjármagnað sig með bæði sjálfbærum og grænum skuldabréfaútgáfum og er upplýsingagjöf bankans um sjálfbæra fjármögnun mjög góð. Eignastýring bankans er hjá Íslandssjóðum, dótturfélagi hans, og hafa Íslandssjóðir verið aðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) síðan 2017. Íslandssjóðir hefur gefið út í fyrsta sinn skýrslu um fjármagnaðan útblástur Íslandssjóða með aðferðafræði PCAF sem styrkir sjálfbærnumgjörð Íslandssjóða. Vel er staðið að upplýsingaöryggi og er bankinn vottaður eftir ISO27001 um upplýsingaöryggi. Einnig er vel staðið að því að hvetja birgja í aðfangakeðju bankans til að sinna sjálfbærnimálum. Bankinn hefur lengi hugað vel að viðskiptavinum, samfélaginu og starfsfólki. Niðurstöður FME og sátt bankans hafa haft neikvæð áhrif á fyrrgreinda flokka og er mikilvægt fyrir bankann að byggja upp traust innan sem utan bankans og gæti það tekið bankann tíma að vinna upp traust almennings og starfsfólks. Á árinu 2022 var skert á áherslum bankans í mannaudsmálum og mælist starfsánægja að jafnaði há. Komandi viðskiptavina- og starfsánægjukannanir munu varpa skýrari ljósi á áhrif málsins. Bankinn hugar áfram vel að sjálfbærnimálum innan bankans og vinnur markvisst eftir aðgerðaráætlun í kjölfar sáttar við FME.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Íslandsbanki er fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum greiningu hjá Reitun (fjöldi um 40). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 72 stig af 100 mögulegum, flokkur B2.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggja fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reituna